

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um eignarrjett og leigurjett utanríkismanna til jarðeigna á Íslandi.** — Með brjefi, dags. 23. október f. á., hafð þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp, framkomið af þingmanna hálfu og löglega afgreitt frá alþingi, um eignarrjett og leigurjett utanríkismanna til jarðeigna á Íslandi. 77  
27. júní

Þjer hafð í ofanefndu brjefi yðar getið þess, að tilefnið til þess, að lagafrumvarp þetta sje framkomið, sje að líkindum að nokkru leyti ótti fyrir því, að útlendir audmenn muni kaupa eða taka á leigu um mjög langan tíma fossa á Íslandi, til að nota vatnsafið í þjónustu iðnaðarfyrirtækja, og að nokkru leyti sá ýmigustur, er á seinni árum hefir bólað á gegn því, sem nú er farið að tíðkast, að útlendingar kaupi eða taki á leigu veiðirjett í ám og vötnum á landinu.

Þjer teljið þetta þó ekki viðsjárvert, heldur látið í ljósi þá skoðun yðar, að ástæða sje til að hlynna að viðleitni útlendinga í þá átt, að reka iðnaðarfyrirtæki á Íslandi, þar sem slíkt mundi leiða af sjer nýjan atvinnuveg fyrir landið, sem vegna fátæktar gæti ekki annars komizt á fót. Sömuleiðis áltíð þjer það óheppilegt, ef jarðeigendur á landinu væru með lögum eins og þessum sviptir þeirri tekjugrein, sem skemmtiveiðar útlendinga í ám og vötnum nú hafi í för með sjer fyrir þá, og að endingu vísið þjer til þess, að stjórnin árið 1879 vildi ekki fallast á frumvarpi líka átt frá landbúnaðarnefndinni og hafi stjórnin þar með litið svo á, að sú grundvallarregla, að útlendingar ekki mættu nema með sjerstöku leyfi eignast fasteignir á Íslandi, kæmi í bága við þann skilning sem nú er lagður í hið alþjóðlega samband, eins og líka engin minnsta ástæða virðist til að óttast, að útlendingar muni þyrpast til landsins um skör fram. Þar sem þjer ekki getið sjeð, að ástæðurnar hafi breytt neitt síðan 1879 í þá átt, að meiri þörf sje á þessum lögum nú en þá, finnið þjer ekki ástæðu til að mæla með, að frumvarp þetta verði gjört að lögum.

Auk þess, að ráðaneytið fellst á, að það í sjálfu sjer ekki er æskilegt að hindra það um of, að útlendingar geti eignast og haft umráð yfir fasteignum á Íslandi, þá er lagafrumvarpinu svo ábótavant, að ekki væri ráðlegt að staðfesta það, þótt ástæðurnar væru á annan veg. Aðallega má benda á eptirfarandi galla:

Í frumvarpið vantar beint ákvæði um það, hverju varði, þegar sala á fasteign í hendur utanríkismanni kemur í bága við 1. gr. frv. Að vísu má með sjerstöku tilliti til 2. gr. ráða í það, að hugsunin hafi verið sú, að slík sala skuli vera ógild, en þá vantar allar reglur um það, hvernig fara skuli milli kaupanda og seljanda. Ennfremur vantar nákvæmari ákvæði um, hvað skilja eigi við fjelag, sem heimili eigi utanríkis, í 1. gr. frumvarpsins, hvort t. d., ef átt er við hlutafjelag, stjórn þess aðeins eða og allir hluthafar skuli eiga heima á Íslandi. Ákvæðin í 2. gr. um uppboðshald geta heldur ekki álitizt fullnægjandi, þar sem fyrst og fremst vanta ákvæði um uppboðssölu, þegar leigurjettur er kominn í hendur útlendinga á þann hátt, sem þar getur um, og í öðru lagi er ekkert

**77** kveðið á um það, hverjum beri að gera ráðstafanir til uppboðshaldsins, nje eptir 27. júní hverjum reglum það skuli fram fara.

Þar sem ráðaneytið einnig hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki væri heppilegt að frumvarp þetta yrði gert að lögum, hefir það í allraþegnsamlegustum tillögum sínum um málið lagt það til, að frumvarpinu yrði synjað allra-hæstrar staðfestingar; hefir hans hátign konunginum 21. þ. m. allramildilegast þóknazt að fallast á tillögum þessar.

En jafnframt þessu og með tilliti til þess, að í löggjöf annara landa hef-ir bólað á samskonar ótta og þeim, er hefir gefið tilefni til þess, að þetta frumvarp var samþykkt, og með tilliti til þess möguleika, að nú, þar sem athygli manna á seinni árum hefir hneigzt svo mjög að vinnuafli fossanna, gæti orðið þörf á því að vernda fossana, ekki gegn því að þeir sje notaðir í raun og veru, með aðstoð útlends fjár, heldur gegn því, að útlendingar kaupi þá aðeins í gróða-skyni, án þess að kaupandi hugsi til að nota þá sjálfur, hefir ráðaneytið geymt sjer rjett til þess, að leita, ef til vill, eptir nánari ihugun og rannsókni á málinu, samþykkis hans hátignar konungsins til að leggja fyrir alþingi lagafrumvarp í þessa stefnu, sem að svo miklu leyti sem ætla má að fært sje, haganlegt og samræmilegt alþjóðlegum rjetti, uppfyllti óskir alþingis í umrædda átt.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna ásamt áðurnefndu brjefi yðar.

Brjef lardshöfðingja.

Alþingi, sem saman kom í ár, hefir eptir löglegan undirbúning samþykkt lagafrum-varp það um eignarrjett og leigurjett utanríkismanna til jarðeigna á Íslandi, sem borið hafði verið upp af þingmanna hálfu, og sem jeg hjermeð leyfi mjer að senda bæði í þeim bún-ingi, er það kom í frá þinginu, og í danskri þýðingu.

Tilgangurinn með lögum þessum er sá, að hindra það, að jarðeignir hjer á landi, jarðarítök eða leigurjettur, komist í hendur manna, sem búsettir eru utanríkis, án sjerstakrar lagaheimildar, og þess vegna er svo kveðið á um, að hver sá, sem á jarðeignir hjer á landi og flytur í annað ríki, eða utanríkismaður, sem erfir eða fær að gjöf slíka jarðeign, skuli innan 5 ára selja hana, en geri hann það ekki, skal selja jarðeignina við opinbert uppboð. Sömu-leiðis ákveður frumvarpið, að enginn megi selja manni, sem á heima utanríkis, jarðeign hjer á landi, ítak eða notkunarrjett, og ekki heldur leigja utanríkismönnum jarðir eða ítök jarðar, svo sem ár, vötn eða fossa, til lengri tíma en 50 ára, án sjerstakrar lagaheimildar.

Tilefnið til þess, að þetta lagafrumvarp er framkomið, er að líkindum ótti fyrir því, að útlendir auðmenn muni kaupa eða taka á leigu um mjög langan tíma fossa hjer á landi til að nota vatnsaflið í þjónustu iðnaðarfyrirtækja, t. d. til að framleiða acetylen, aluminium o. fl. en eptir minni skoðun er svo langt frá að ástæða sje til með lögum að hindra slík fyrirtæki, að þvert á móti er ástæða til að hlynna að þeim, þar sem notkun vatnsaflsins á þennan hátt gæti orðið landinu að mörgu leyti til stórhagnaðar, en þar sem til þess þarf að líkindum mikið fje, er ekkert útlit fyrir að þannig löguð iðnaðarfyrirtæki gætu komizt á án útlends fjár. Jeg get heldur ekki sjeð, að það sje landinu til tjóns, þótt lax- eða silungsveiði í nokk-urum af ám eða vötnum landsins sje seld eða leigð um langan tíma útlendum skemtiveiða-mönnum, að minnsta kosti er mjer kunnugt um, að flestir þeir jarðeigendur, er eiga slík hlunn-indi, óska einskis heldur, en að geta varið veiðirjetti sínum á þennan hátt, þar sem þeir með

því að selja eða leigja veiðirjettinn afla sjer meiri og óbrigðulli tekna af honum en þótt þeir notuðu hann sjálfir, og þar að auki flytja hinir útlendu veiðimenn ekki litla peningaupphæð inn í landið. Að öðru leyti skal jeg með tiliti til lagafrumvarpsins í heild sinni leyfa mjer að vekja athygli á eftirfylgjandi:

Landbúnaðarnefnd sú, er skipuð var árið 1870, setti í frumvarp það til landbúnaðarlaga, er hún kom fram með, ákvæði, er miðuðu til þess að koma á þeirri reglu að útlendingar mættu ekki án sjerstaks leyfis eiga fasteignir á Íslandi, en í frumvarpi því til landbúnaðarlaga, er af stjórnarinnar hálfu var lagt fyrir alþingi, sem kom saman 1879, voru ofanefnd ákvæði ekki tekin upp, og í athugasemdunum við laga frumvarpið, sbr. Ráðgjafatíðindin 1879, B bls. 693, voru greinilega teknar fram ástæðurnar fyrir því, að þessi ákvæði yrði að telja óhæf. Með því að jeg ekki get sjæð, að ástandið hjer á landi hafi á síðust 20 árum breytt á þann hátt, að hinar áminnztu ástæður eigi ekki eins við frumvarp það, er hjer er um að ræða, finn jeg ekki ástæðu til að mæla með því að það verði að lögum.

### **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun 78 konuugsstaðfestingar á lagafrumvarpi um lögaldur.** — Þjer hafid, 27. júní

herra landshöfðingi, með brjefi, dagsettu 23. okt. f. á., sent hingað lagafrumvarp um lögaldur, sem borið hafði verið upp af þingmanna hálfu á síðasta alþingi og eftir löglegan undirbúning samþykkt þar, og gjörið þjer í brjefi yðar grein fyrir, að hverju leyti þetta frumvarp er frábreytt frumvarpi því um lögaldur, sem alþingi 1889 samþykkti, en var synjað allrahæstrar staðfestingar, og einnig fyrir þeim ástæðum, sem færðar voru fyrir frumvarpinu á þingi; skjótið þjer því til ráðaneytisins, hvernig fara skuli með frumvarpið.

Þótt ekki alt það, er finna mátti að frumvarpi alþingis 1883, verði einnig fundið að frumvarpi því, er hjer ræðir um, hlýtur það þó að mæta hinni sömu aðalsynjunarástæðu, sem hitt mætti á sínum tíma, n. l. þeirri, að, ef frumvarpið yrði gjört að lögum, kæmi fram ósamkvæmni milli íslenzks og dansks rjettar í mjög þýðingarmiklu atriði, og er enginn sá munur á ástandinu á Íslandi og í öðrum hlutum ríkisins, er rjettlætt gæti slíkan mismun. Hjervíð bætist að með slíkum lögum, sem hjer er farið fram á, fæst ekki samræmi við löggjöf neins hinna norrænu ríkja, svo að, ef sú stefna yrði ofan á að reyna að koma á meiru samræmi í löggjöf allra Norðurlanda að því er snertir fleiri eða færri kafla privatrjettarins, mundu slík lög, sem hjer er farið fram á, gjöra meiri ekki minni örðugleikana á að ná takmarkinu, þar sem þau kæmu á lagaskipun, sem væri frábrugðin hinum þremur, sem nú eru í gildi.

Ráðaneytið hefir því komizt að þeirri niðurstöðu að þetta frumvarp sje ekki fremur en hið fyrra fallið til að verða að lögum, og þess vegna hefir það í allraþegnsamlegustum tillögum sínum lagt það til að frumvarpinu yrði synjað allrahæstrar staðfestingar, og hefir hans hátign konunginum 21. þ. m. allramildilegast þóknazt að fallast á þá tillögu.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindaana ásamt áðurnefndu brjefi yðar.